

## LÖG

### um Bjargráðasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Bjargráðasjóður er sjálfstæð stofnun, að jöfnu í sameign ríkisins og Bændasamtaka Íslands. Eignaraðilar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins umfram árleg, óafturkræf framlög sín til hans skv. 5. gr.

Heimili og varnarþing Bjargráðasjóðs er í Reykjavík.

#### 2. gr.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna stjórn Bjargráðasjóðs til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann stjórnar en tveir fulltrúar skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands. Varamenn eru jafnmargir og valdir af sömu aðilum.

#### 3. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi stjórn hans, metur og tekur ákvarðanir um afgreiðslu umsókna og styrkveitinga úr báðum deildum sjóðsins.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra og annað starfslið sjóðsins og ákveður kaup þess og kjör í samræmi við kjarasamninga. Heimilt er þó stjórninni að semja við Bændasamtök Íslands eða aðra stofnun, sem henta þykir, um sameiginlega framkvæmdastjórn, skrifstofuhald og rekstur sjóðsins.

#### 4. gr.

Bjargráðasjóður skiptist í tvær deildir, almenna deild og búnaðardeild. Halda skal bókhaldi hvorrra deilda um sig aðgreindu. Rekstrarkostnaður sjóðsins greiðist úr almennri deild hans.

#### 5. gr.

Árlegar tekjur Bjargráðasjóðs eru:

- a. tekjur af búnaðargjaldi skv. 6. gr. laga um búnaðargjald, nr. 84/1997, með síðari breytingum, og viðauka með þeim lögum,
- b. framlag ríkissjóðs allt að 80 millj. kr. á ári eftir því sem nánar er kveðið á um í fjárlögum,
- c. vextir af fé sjóðsins,
- d. aðrar tekjur.

## 6. gr.

Tekjur sjóðsins skiptast þannig milli deilda:

- í almenna deild sjóðsins rennur framlag ríkissjóðs skv. b-lið 5. gr., svo og vaxtatekjur sjóðsins,
- í búnaðardeild rennur allt framlag skv. a-lið 5. gr.,
- stjórn sjóðsins ákveður í hvora deild tekjur skv. d-lið 5. gr. renna.

## 7. gr.

Framlag ríkissjóðs greiðist með jöfnum, mánaðarlegum greiðslum.

Fjármálaráðherra stendur skil á hlut Bjargráðasjóðs í búnaðargjaldi í samræmi við 6. gr. laga um búnaðargjald, nr. 84/1997.

## 8. gr.

Hlutverk almennrar deilda sjóðsins er að veita einstaklingum og félögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar beint tjón af völdum náttúruhamfara:

- á gjaldskyldum fasteignum samkvæmt skilgreiningu laga um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. lög um Fasteignaskrá Íslands, og girðingum, túnum og rafmagnslínum er tengjast landbúnaði,
- á heyri sem notað er við landbúnaðarframleiðslu,
- vegna uppskerubrests af völdum óvenjulegra kulda, þurrka, óþurrka og kals.

Ekki er bætt tjón sem nýtur almennrar tryggingaverndar eða hægt er að fá bætt með öðrum hætti, sbr. ákvæði laga um Viðlagatryggingu Íslands.

Ekki verður veitt fjárhagsaðstoð vegna tjóns ef ásetningi eða gáleysi eiganda eða umsjónarmanns verður um kennt, eðlilegar varnir ekki verið við hafðar og ef staðsetning hluta er óeðlileg með tilliti til tjónshættu.

Ekki verður veitt fjárhagsaðstoð vegna tjóns á stærri mannvirkjum, svo sem orku- og hafnarmannvirkjum, sjóvarnargörðum, fiskeldismannvirkjum og skipasmíðastöðvum.

## 9. gr.

Hlutverk búnaðardeilda er að bæta meiri háttar tjón hjá einstaklingum og félögum vegna sjúkdóma, óvenjulegs veðurfars og slysa þegar ásetningi eða gáleysi eiganda eða umsjónarmanns verður eigi um kennt og eðlilegar varnir hafa verið við hafðar. Ekki er bætt tjón sem almennt er tryggt fyrir innan búgreinar eða hægt er að fá bætt með öðrum hætti, sbr. ákvæði laga um Viðlagatryggingu Íslands. Bætt er:

- tjón á búfé og afurðum búfjár,
- uppskerutjón.

Stjórn sjóðsins er enn fremur heimilt að styrkja fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir tjón sem Bjargráðasjóði ber að bæta. Hámark fyrirbyggjandi styrkja er 10% af ráðstöfunarfé hvers árs.

## 10. gr.

Fjárhagsaðstoð beggja deilda sjóðsins er fólgin í veitingu styrkja sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni í samræmi við fjárhag og stöðu sjóðsins. Stjórn sjóðsins leggur mat á styrkhæfni tjóns, ákveður styrkhlfutfall og eigin áhættu tjónþola í tjóni. Styrkhlfutfall og eigin áhættu er stjórn sjóðsins heimilt að ákveða mismunandi eftir búgreinum og tegundum eigna og taka í því efni m.a. mið af tekjuskiptingu sjóðsins og rekstraráhættu hverrar búgreinar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að setja sér nánari vinnureglur um veitingu styrkja samkvæmt þessari grein.

Forsenda styrkveitinga úr sjóðnum er að skil hafi verið gerð á búnaðargjaldi í samræmi við ákvæði laga nr. 84/1997.

#### 11. gr.

Nú er um að tefla almennt bótaskylt tjón í einu byggðarlagi eða fleirum og getur þá stjórn Bjargráðasjóðs skipað nefnd til þess að rannsaka tjónið og gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðstoð vegna þess.

Kostnaður vegna slíkra nefndarstarfa greiðist úr þeirri deild sjóðsins sem veitir aðstoð vegna tjónsins.

#### 12. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu fullgerðir fyrir febrúarlok ár hvert. Sjóðstjórn felur löggiltum endurskoðanda að endurskoða reikninga sjóðsins og skal endurskoðun að jafnaði lokið fyrir 30. apríl ár hvert. Endurskoðaðir og samþykktir ársreikningar skulu sendir eigendum sjóðsins.

#### 13. gr.

Fé Bjargráðasjóðs, sem ekki hefur verið ráðstafað skv. 8.–11. gr., skal ávaxtað með sem tryggustum og hagkvæmustum hætti samkvæmt nánari ákvörðun stjórnarinnar.

Nú hrekkur fé annarrar hvorrar deilda sjóðsins eigi til að veita þá aðstoð sem nauðsyn krefur samkvæmt lögnum og að mati sjóðstjórnar og er þá sjóðstjórninni heimilt að lána fé milli deilda án vexta. Einnig er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast nauðsynleg lán fyrir sjóðinn eða veita honum lán úr ríkissjóði gegn veði í eignum og tekjum sjóðsins. Stjórn sjóðsins er ekki heimilt að taka lán með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings.

#### 14. gr.

Skuldabréf fyrir lánum, sem Bjargráðasjóður tekur samkvæmt ákvæðum laga þessara, skulu undanþegin stimpilgjöldum og ríkisábyrgðargjöldum.

#### 15. gr.

Í reglugerð, sem stjórnin semur og ráðherra staðfestir, skal setja nánari reglur um sjóðinn og starfsemi hans.

#### 16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um Bjargráðasjóð, nr. 146/1995, með síðari breytingum.

### Ákvæði til bráðabirgða.

#### I.

Þar sem sveitarfélög koma ekki lengur að fjármögnun og starfsemi Bjargráðasjóðs með gildistöku laga þessara skal fara fram uppgjör á eignum og skuldbindingum sjóðsins í samræmi við ákvæði þetta. Stjórn sjóðsins stýrir uppgjöri á eignum og skuldbindingum sjóðsins og er henni heimilt að afla sérfræðiaðstoðar eftir því sem hún telur þörf á.

Samband íslenskra sveitarfélaga skal hafa forkaupsrétt að fasteign sjóðsins.

Að teknu tilliti til skuldbindinga Bjargráðasjóðs skal greiða úr almennri deild sjóðsins 1/3 af nettóeign sjóðsins í heild sem telst hluti sveitarfélaganna. Eignarhlutur sveitarfélaganna skal renna til Sambands íslenskra sveitarfélaga sem yfirtekur allar skuldbindingar vegna starfsmanna Bjargráðasjóðs, þar á meðal lífeyrisskuldbindingar.

## II.

Réttur sveitarfélaga til styrkja úr sjóðnum fellur niður vegna tjóns sem verður frá og með 1. janúar 2009. Umsóknum vegna slíks tjóns skal skilað til sjóðsins eigi síðar en 30. júlí 2009. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ekki tekna til greina við uppgjör sjóðsins.

Frá og með 1. janúar 2009 fellur niður lögbundin skylda sveitarfélaga til að standa sjóðnum skil á tekjum hans.

Miðað skal við að uppgjöri sjóðsins verði lokið fyrir árslok 2009.

## III.

Umboð stjórnar sjóðsins sem skipuð var 29. desember 2006 fellur niður þegar lokið hefur verið við uppgjör á hlut sveitarfélaganna í samræmi við ákvæði til bráðabirgða I og II. Skal þá ráðherra hafa skipað nýja stjórn í samræmi við ákvæði 2. gr. laganna.

## IV.

Prátt fyrir ákvæði 8. gr. er stjórn sjóðsins heimilt á árinu 2009 að ráðstafa fjármunum úr almennri deild sjóðsins til að draga úr hættu á uppskerubresti sem gæti leitt af sér óæskilegan samdrátt í búvörframleiðslu.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um þessa sérstöku ráðstöfun, svo sem um skilyrði fyrir úthlutun og hve hárri fjárhæð skal varið til verkefnisins, en gæta skal þess að greiðslur á þessum grundvelli skerði ekki hlut sveitarfélaga í uppgjöri samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I og II.

*Gjört á Bessastöðum, 21. apríl 2009.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Steingrímur J. Sigfusson.*

---

A-deild – Útgáfud.: 22. apríl 2009